



Minja- og sögufélag Vatnsleysustrandar


Fréttabréf 2020

Frá stjórn

Margt dreif á daga minjafélagsins síðastliðið ár. Eiginlega hefur aldrei verið meira að gera en þá. Nýir félagar bættust í hópinn, ný verkefni urðu til og ótal hugmyndir kviknuðu. Auk alls hins sem fyrirsjáanlegt var og áætlanir gerðu ráð fyrir. Til þess að halda fólki upplýstu gefum við nú út fréttabréf með von um að ná til sem flestra. Við minnum líka á að störf í félagi sem okkar henta öllum, hvetjið endilega vini og vandamenn til að fylgjast með og gerast félagar. Við grúskum, byggjum, teiknum, ritum og svo margt fleira. Allir geta fundið sinn farveg. Nýir félagar eru ávallt boðnir velkomnir – við fögnum öllum.

Kirkjuhvoll


Minjafélagið hefur undanfarin ár sóst eftir því að eignast samkomuhúsið Kirkjuhvol á Vatnsleysuströnd. Það gekk eftir síðastliðið sumar þegar félagið keypti húsið af dánarbúi Runólfs Valdimarssonar. Það var félaginu mikið gleðiefni að eignast húsið. Áform eru um að varðveita það í sem upprunalegustu mynd og gera sögu félagslífs skil. Nauðsynlegt er líka að það fái framhaldslíf og að þar verði hægt að koma saman og fræðast, gleðjast og miðla á fjölbreyttum viðburðum.



Bygging hússins var á sínum tíma samstarfsverkefni Umf. Þróttar og Kvenfélagsins Fjólu í Vatnsleysustrandahreppi sem þurftu húsnaði fyrir

starfsemi sína. Áður hafði allt samkomuhald í hreppnum farið fram í barnaskólanum. Ráðist var í smíðina á haustmánuðum 1933 og lokið við bygginguna aðeins þremur mánuðum seinna.

Mikill tími félagsmanna hefur farið í að tæma húsið og koma rusli til förgunar. Í því var gríðarlegt magn af vélahlutum og öðru dóti sem hugsanlega hefur verið ætlað til byggingar lítillar rafstöðvar líkt og þekkt er víða um land. Um 60 tonn af járnarusli voru fjarlægð úr húsinu. Allt var það tínt út með handafla í sjálfböðavinnu félagsmanna svo ekki hlytust skemmdir af tilfæringum þungra hluta. Ýmislegt kom í ljós við verkið sem gaman var að berja augum s.s. bekkir, veggpil, skreytingar, gólf og annað.



Vinna við uppbyggingu er hafin. Húsið hefur verið mælt nákvæmlega og teiknað upp, gluggasmíði er hafin og áformað að búið verði að endurbæta þak í sumarlok.

Félagslíf í Vatnsleysustrandahreppi

Sesselja Guðmundsdóttir hefur tekið saman gögn úr fórum Þróttar og Fjólu og ritað ágrip af sögu félagslífs í Vatnsleysustrandahreppi. Miklar og góðar upplýsingar eru í Vitanum, sem Þróttur gaf út um árabíl og varðveittur er. Fundagerðabækur Fjólunnar komu einnig að góðum notum en inn í þær vantar tímabil sem fróðlegt væri að skoða. Sesselja hefur unnið ómetanlegt starf í þágu samfélagsins okkar sem vert er að lofa.

Nálgast má eintak af ritinu á bókasafninu í Vogum.



Skjaldbreið

Þetta skemmtilega verkefni okkar er nú á loka-metrinum. Frágangi að utan er að mestu lokið. Aðeins á eftir að mála þakið, tjarga gaflana og setja í glugga og hurðir. Fjármögnun seinkar aðeins frágangi að innan. Þar á eftir að ganga frá heylofti, stoðum undir langtré og bitum milli sperra.

Jón Ragnar Daðason hefur séð um alla vinnu við Skjaldbreið og hefur tekist einstaklega vel til, enda vanur maður á ferð.

Í haust birtist grein í Bændablaðinu um elstu fjós á Íslandi. Þar er talað um að fjós í Ólafsdal sé það elsta uppistandandi byggt 1896. Skjaldbreið er byggð 1884 og þjónaði bæði sem hlaða og fjós. Í gögnum sem varðveitt eru á Þjóðskjalasafni Íslands segir frá byggingu Skjaldbreiðar. Þetta staðfestir úttekt sem gerð var á jörðinni þegar sr. Stefán Thorarensen lét af störfum árið 1886. Í úttektinni er greinargóð lýsing á Skjaldbreið en þar er talað um heyhlöðu og fjós í sama húsinu. Það er því ljóst samkvæmt úttekt blaðamanns Bændablaðsins og þessum upplýsingum, að Skjaldbreið er elsta fjós á landinu.




Styrkir



Hið opinbera, fyrirtæki og einstaklingar standa þétt við bakið á Minjafélaginu þegar kemur að fjármögnun verkefna. Má þar helst nefna Minjastofnun Íslands, Sveitarfélagið Voga og Hekluna (SSS) en þangað er hægt að sækja formlega um styrki sem veittir eru árlega. Ekki síður þykur okkur vænt um að fá styrki frá einstaklingum. Þar slær hjarta félagsins. Margt smátt gerir eitt stórt og hefur máltækið svo sannarlega sannað sig því gestir okkar í Kirkjuhvol og húsin á Kálfatjörn þakka gjarnan fyrir sig með

þeim hætti sem hjálpar starfseminni sem best. Við erum óendanlega þakklát fyrir allt sem inn kemur. Það er vel nýtt enda hver króna mikilvæg.

Vitaganga



Í nóvember var efnt til vitagöngu. Tilefnið var 100 ára afmæli Atlagerðistangavita á Vatnsleysu-strönd en hann var tekinn í notkun, í þeirri mynd sem við þekkjum í dag, árið 1919. Það er líka skemmtilegt frá því að segja að Ísaga sem nýlega hóf starfsemi sína í Vogum útvegaði á upphafs-árum vitans, gas til þess að lýsa upp ljósabúnað hans.

Gengið var frá samkomuhúsinu Kirkjuhvoli sem leið lá niður að vitanum. Gangan var skemmtileg og margir sem notuðu tækifærið til að komast aðeins nær og kíkja inn. Vegagerðin sér um vita landsins og voru menn þar á bæ svo almennilegir að lána okkur lykil og treysta fyrir því að enginn færi sér að voða.

Haukur Aðalsteinsson var leiðsögumaður og sagði okkur m.a. frá forvera vitans sem á sér enn lengri sögu, byggður 1885-86. Sá viti var byggður af bændum, grjóthlaðinn vörðuviti og stóð á svipuðum stað og Atlagerðistangaviti. Þrep voru upp á hlaðna hlutann en upp úr honum stóð spýta/mastur sem ljósker var hengt í. Hlaðni hlutinn var um 3 metrar á hæð og mastrið 7 metrar. Bændur skiptust á að kveikja á ljóskerinu sem dregið var upp í mastrið. Haukur er mikill grúskari og hefur fundið upplýsingar og lýsingar af þessum forvera Atlagerðistangavita. Lýsingin hér að framan er mjög einfölduð en Haukur hefur m.a. teiknað vitann eftir gömlum lýsingum. Hér fer á eftir auglýsing um vörðuvitann:

„Framarlega á hinum svonefndu Áslákstaða eða Gerðatöngum hér í breppi hefur verið sett upp ljósker sem kveikt verður ljós í á hverju kvöldi frá þessum degi til 15 apríl næstkomandi. Mun ljósið loga alla nóttina frá því í hálfdimmu á kvöldin, til þess í hálfhjörtu á morgnana. Það ber hérumbil 30 fet yfir sjávarmáli. Ljósið er beint í suður af hinu svonefnda „Svartaskeri“ í útsuður af „Fjósakotsboða“ á austur, landnordur af Hlöðuness og Brunna-staðatöngum. Það lýsir á þrjár hliðar, nefnilega í útsuður, útnordur og landnordur en landsuðurbliðin er dimm. Ljósið mun sjást hérumbil 2 mílur á haf út, áður en það hverfur sést ljósið á Garðskaga ef norðarlega er haldið. Framvegis mun ljósið verða tendrað á þessum stað á hverju kvöldi frá 15 septemb. til 15 aprílmán. ár hvert.

Vatnsleysustrandarbreppur 28 jan. 1886. Hreppsnefndin / Guðm. Guðmundsson oddviti. “

Minjafélagið og Vogar

Við vinnum með sveitarfélaginu Vogum og á milli aðila er gildandi samstarfssamningur. Okkar er m.a. að uppfylla kröfu um viðburði og að uppfæra. Á móti hjálpar sveitarfélagið okkur t.d. með aðstöðu fyrir fundi og viðburði, styrkir tilfallandi verkefni og hjálp til við umhirðu og aðra vinnu sem vinnuskólinn hefur komið að á sumrin. Nokkrir vaskir ungir menn úr vinnuskólanum aðstoðuðu okkur til dæmis við að safna saman steinhellum sem notaðar voru í gólf Skjaldbreiðar. Þeir eru að öðrum ólöstuðum duglegustu vinnumenn sem félagið hefur fengið til sín hingað til.



Tjón í óveðri

Í óveðrinu í vetur fauk gamli bragginn á Kálfatjörn. Þar inni höfðum við m.a. fengið að geyma gamla bát félagsins. Bragginn fór nánast í heilu lagi suður fyrir grunninn án þess að snerta nokkuð á leið sinni. Báturinn og gamlar ámur sem hjá honum stóðu sluppu við skemmdir. Góð ráð voru dýr og mikilvægt að koma bátnum í geymslu sem fyrst. Ekki er mikið um húsnæði í Vogum sem okkur datt í hug að fá inni. Eftir að hafa auglýst á samfélagsmiðlum brást sveitungi okkar Árni Magnússon í Smáratúni við og bauð okkur afnot af gömlu sjóhúsi. Þar fyrir var inni bátur þeirra Halakotsbræðra sem þeir hófu útgerð sína á. Sá bátur er smíðaður 1906 og á sér merka sögu. Bátarnir standa nú hlið við hlið inni í sjóhúsinu. Árni fær miklar þakkir fyrir að bregðast skjótt við og bjóða okkur að koma bátnum í skjól. Það er gott að eiga góða að.



Epladagur



Að venju var epladagur haldinn hátíðlegur í upphafi aðventu. Sett var upp jólasýning í Norðurkoti og boðið upp á ristaðar möndlur og epli. Á loftinu var bryddað upp á þeirri nýng að fá rithöfund til þess að lesa upp úr verki sínu. Að þessu sinni kom Eva María Jónsdóttir og las upp úr bók sinni *Skuggahliðin* jólanna, gamlar, hræðilegar sögur og kvæði um jólin. Loftið var þétt setið skelfdum börnum og fullorðnum sem fylgdust spenntir með. Svo sannarlega öðruvísi nálgun á jölunum, til umfjöllunar sem heppnaðist vel.

Í fyrsta sinn notuðum við Skjaldbreið líka á epladegi. Þar var fjör. Jólatónlist, kertadýfingar, kakó og spjall. Í leiðinni gátu gestir virt fyrir sér hvernig vinnu við hlöðuna miðar. Vel hefur tekist til með epladag undanfarin ár. Fjöldi gesta hefur komið við í Norðurkoti, notið upphafs aðventunnar og fræðst um söguna.

Covid 19

Aðalfundi sem vera átti í mars var frestað til haustsins vegna ástandsins í samfélaginu. Fundartími verður auglýstur síðar.


Safnahelgi á Suðurnesjum var aflýst af sömu ástæðu. Metnaðarfullri dagskrá okkar um Kirkjuhol og ljósmyndasýningu í Norðurkoti verður vonandi hægt að opna að ári.

Stóru-Vogar

Við erum alltaf með augu og eyru opin fyrir fornminjum, varðveislu þeirra og sögu. Ein af merkilegri minjum svæðisins er án efa höfuðbýlið Stóru-Vogar. Rústir þess standa á bakkanum neðan við Stóru-Vogaskóla. Margir fyrrverandi og núverandi nemendur skólans kannast við þær sem eitt



skemmtilegasta leiksvæði bæjarins. Þar er enn stokkið á milli dyragata og farið á milli herbergja gjarnan í ímynduðum hlutverkum.



Steinhúsið var byggt 1871 af fyrsta íslenska steinsmiðnum, Sverri Runólfssyni. Sá hinn sami og byggði m.a. Skólavörðuna á Skólavörðuholti 1868, Þingeyrarkirkju í Húnaþingi, sem vígð var 1877 og steinbrúna yfir lækinn í Reykjavík 1866. Húsið eða grunnurinn sem enn er sýnilegur, er hlaðinn úr hraungrýti og enn má sjá bogadregin gluggagöt gægjast upp úr jarðveginum. Þak Stóru-Voga var klætt 20x40 cm hreysturlöguðum steinskífum sem við nánari eftirgrennslan eru sagðar velskar. Nokkrar skífur komu í ljós þegar nýlega var grafið neðan við rústirnar. Mikið teikninga og heimildasafn um Sverri er á Þjóðskjalasafni

Íslands, m.a. bréfasamskipti vegna steinkirkju sem hugmynd var um að reisa á Kálfatjörn. Þar eru hugleiðingar um stærð kirkjunnar, uppbyggingu o.fl við sr. Stefán Thorarensen, frá miðbiki 19. aldar. (Heimildir: Iðnsaga Íslands: fyrra bindi, Íslensk byggingararfleifið fyrra bindi og dánarbú Sverris.) Talið er að húsið sé fyrsta steinhús sem bóndi lét reisa á Íslandi.

Árið 1912 byggði þáverandi bóndi í Stóru-Vogum, Sigurjón Waage nýtt hús á grunni þess gamla. Steinlímdi hlutinn var nýttur sem grunnur að nýja húsinu.

Stóru-Voga jörðin mun eiga sér mun lengri sögu. Talið er að það sé fornt höfuðból. Haukur Aðalsteinsson sem tekið hefur saman útgerðar-sögu í sveitarfélaginu hefur fundið enn eldri heimildir sem segja frá húsakosti sem er allt annar en sá sem við þekkjum til. Húsin stóðu þó á svipuðum stað og ber bæjarhóllinn þess merki. Stóru-Vogum er gerð skil í riti Hauks sem hann



vinnur nú að. Forvitnilegt væri að sjá hvað kæmi upp við fornleifauppgröft í hólnum.

Búið var í Stóru-Vogum fram á miðja síðustu öld en það svo rífið 1964 og efniviðurinn notaður í nýbyggingu í Vogum.

Reykjanes UNESCO Global Geopark



Í samvinnu við jarðvanginn efndi Minjafélagið til sögugöngu í lok júní 2019 sem bar yfirskriftina **Söguganga um slóðir útvegsbænda**. Gengið var í rigningarsudda úr Vogum og suður á Brekku undir Vogastapa. Á leiðinni var staldrað við á nokkrum stöðum m.a. höfuðbýlinu Stóru-Vogum, Sæmundarnefi og Kristjánstanga. Þar var dregið á útgerðasögu, einkum árabátaútgerð, sem var fyrirferðamikil í Vogum. Minjar má sjá með strandlengjunni en mikill hluti þeirra hefur í áranna rás horfið vegna sjógangs.

Á Brekku og í Hólmabúðum var fræðst um útgerðarsögu staðarins á 19. öld. Rústir Stapa- og Hólmabúða voru skoðaðar og sagt frá lífi fólks og baráttu þess við að færa björg í bú. Leiðsögumaður var að vanda Haukur Aðalsteinsson.

Upplýsingar

Minja- og sögufélag Vatnsleysustrandar er áhugamannafélag og starfar sem slíkt. Í lögum félagsins segir m.a. eftirfarandi: Tilgangur félagsins er að stuðla í samvinnu við aðra að varðveislu menningarminja í Sveitarfélaginu Vogum, sem áður hét Vatnsleysustrandarhreppur. Einnig að vekja áhuga fólks á sögu og fornri menningu sveitarfélagsins og minjum um horfna tíma. Til menningarminja teljast munir, forleifar, gamlar byggingar og menningarlandslag og aðrar minjar um búsetu manna.

Ýmsar hugmyndir eru viðraðar við stjórnarmeðlimi, þær ræddar og komið í farveg ef ástæða þykir til. Áhugasamir eru hvattir til að hafa samband við félagið ef spurningar kvikna varðandi minjar og/eða sögu sveitarfélagsins. Senda má tölvupóst á minjafelagvatnsleysustrandar@gmail.com eða í síma 898-6724 (Helga Ragnarsdóttir).